# Stjórnarfundur SKÍ

*Miðvikudagur 8. október 2025 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur*

**Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ
**Fundarstjóri:** Sigurður Hauksson (framkvæmdastjóri).
**Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
**Þátttakendur:** Bjarni Theódór Bjarnason formaður**,** Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanefndar, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Gísli Reynisson gjaldkeri, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóbrettanefndar, Veronika Lagun formaður skíðaskotfiminefndar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Jón Egill Sveinsson varaformaður og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
**Fjarverandi:** Veronika Lagun formaður skíðaskotfiminefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.

*Fundur settur kl. 15.35.*

**Fundardagskrá**

1. **Fundargerð, fundur 1678**
   a. Samþykkt samhljóða af mættum stjórnarmönnum.
2. **Fréttir af nefndum**
   a. <u>AGN</u>
      i. Formaður fer yfir – landsliðið í Pitzdal um þessar mundir. Fá afhent stórt hús 1. desember. Gríðarlega góð aðstaða, base til framtíðar. Tækifæri fyrir aðra hópa að nýta sér húsnæðið þegar að landsliðið er í fríi.
      ii. Aukin umfjöllun í fjölmiðlun sem er frábært fyrir skíðahreyfinguna í heild sinni.
   b. <u>SGN</u>
      i. Æfingabúðir í Osló að klárast og gekk vel. Allir í góðum gír. Smá meiðsli í B-landsliðinu og þá meiri áhersla á aukaæfingar.
   c. <u>SBN</u>
      i. Æfa í sínum hópum. Góður árangur á mótum. Farið yfir hvað er fram undan. Kraftur í landsliðinu. Öll með réttindi á heimsbikar núna.
3. **Heiðranir**
   a. SKÍ aðeins borist ein formleg tilnefning frá Stjórn Skíðagöngufélagsins Ulli.
   b. Farið yfir lista af nöfnum sem komið hafa upp í samtali við félögin.
   c. Sigurður Hauksson, framkvæmdastjóri SKÍ, falið að óska eftir rökstuðningi með tilnefningunum svo stjórnarmenn geta tekið afstöðu til tilnefninganna.
   d. Formaður leggur formlega fram tilnefningu sem verður kosið um á sama tíma.
4. **Skíðaþing 2025**
   a. Friðrik Einarsson verður þingforseti, fyrrum framkvæmdastjóri og formaður SKÍ.

    b. Þingfulltrúar borga sjálfir fyrir mat í hádeginu á laugardaginn en fá mat innifalinn á laugardagskvöldinu frá Mathúsi Garðabæjar. Súpa fyrir 1890 kr.- á Mathúsinu, þingfulltrúum boðið upp á það.
    c. Pizzur / vorrúllur / snakk og nammi í boði á föstudagskvöldinu.

5. **Valreglur, mót 2025 - 2026**
    a. AGN
        i. Viðmið vegna þátttöku í mótum Alpagreina, opinbert skjal inn á vef SKÍ.
        ii. Valið eins síðustu 2 ár, opinbert skjal inn á síðu SKÍ. Örlitlar breytingar á viðmiðum fyrir FIS heimsbikar – sérstök skilyrði fyrir þátttöku í brun mótum: þarf að ná topp 20 í EC á sama tímabili til að mega keppa í FIS Heimsbikar. - Samþykkt
        iii. Alpagreinanefnd er búin að vera skoða viðmiðin undanfarið ár, leitað sér aðstoðar frá sérfræðingum í bruni við breytingar á viðmiðum fyrir þátttöku í brun mótum. Sérfræðingar vildu setja mun strangari viðmið en SKÍ ákvað að miða við topp 20. Mikilvægt að setja ramma utan um brunið eins og er fyrir aðrar greinar innan alpagreina. - samþykkt
    b. Valreglur Stórmót
        i. Valreglur fyrir stórmót óbreytt að mestu leyti. Liður tvö er eina breytingin: Að jafnaði er horft til árangurs í stórsvigi, svigi og risasvigi. Aðeins er horft á stig í bruni hjá þeim iðkendum sem æfa og keppa í bruni að staðaldri og hafa gerð það undanfarin ár. - Samþykkt.
    c. Valreglur Landslið – alpagreinar – óbreytt, samþykkt.
    d. SGN
        i. Valreglur á stórmót – undirbúningur og meiðsli: keppandi þarf að hafa æft og keppt reglulega frá 1. Nóvember 2024 annars óbreytt- samþykkt
        ii. Valreglur landslið skíðaganga – breyting a landslið úr 125 fis stig í 120 fis stig b 175 fis stig í 170 fis stig. Annars óbreytt – samþykkt.

6. **Ice girls þriggja ára plan AGN**
    a. **Lagt fram til kynningar –** Sigurður N ítrekar mikilvægi þess að byggja upp plan/prógramm fyrir stelpur á aldrinum 16-20. Þriggja ára verkefni, byggja upp samheild. Innifalið í verkefninu er þjálfun, fræðsla, mælingar og eftirfylgni. Verkefnið verður kynnt frekar á skíðaþingi nk. föstudag. 10. Október.

7. **Önnur mál**

**Engin önnur mál á dagskrá.**

**Fundargerð:**

1. **Fundargerð, fundur 1678**
2. **Fréttir af nefndum**
3. **Heiðranir**
4. **Skíðaþing 2025**
5. **Valreglur, mót 2025 - 2026**
    a. **AGN**
    b. **SGN**
6. **Ice girls þriggja ára plan AGN**
7. **Önnur mál**
    a. N/A.

Fundi slitið kl. 17.00 og næsti fundur er miðvikudaginn 15.10.2025
*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.*